

Tvíhöfða þurs Bandaríkjamanna. Nató og Evrópusambandið

Þegar Þjóðverjar sökktu breska farþegaskipinu, Lusitania, í fyrstu heimstyrjöldinni – eða fyrsta þætti þrálátrar heimstyrjaldar- hafði Winston Leonard Spencer Churchill (1874-1965), yfirmanni flotamálaráðuneytisins (First Lord of the Admiralty) og bandamönnum hans í fjármálaheiminum, austan hafs (City of London) og vestan (Wall Street District of Columbia), tekist ætlunarverk sitt, þ.e. skapa jarðveg fyrir andúð almennings í Bandaríkjunum og Bretlandi á Þjóðverjum, ásamt því að hvetja annan vikaþingmann, forseta Bandaríkjanna, Woodrow Wilson (1856-1924), til hernaðardáða í þinginu. Lusitania flutti hergögn frá Bandaríkjunum til Bretlands.

Þjóðverjar gáfu viðvörðun, sem í engu var sinnt. Um ellefu hundruð manns fórust, m.a. nokkrir tugir Bandaríkjamanna. Auðdrottinnar vestan hafs lofuðu hinum læsvísa og drykkfelda Winston þátttöku Bandaríkjanna í skiptum fyrir land í Palestínu, svo stofnsetja mætti Ísraelsríki.

Bretar gáfu síðar út yfirlýsingu þessa efnis, Balfour yfirlýsinguna. Yfirlýsinguna tölta utanríkisráðherra Breta, Arthur James Balfour (1848-1930), með til Lionel Walter Rothschild (1868-1937). Annar Gyðingur, efnafræðingurinn, Chaim Azriel Weizmann (1874-1952), rússneskur að ætterni, var einnig mikilvægur stuðningsmaður „Zionista,“ þ.e. baráttuhreyfingar fyrir stofnun Ísraelsríkis í Palestínu.

Í kjölfar Lusitania harmleiksins kom Woodrow herkvaðningu í gegnum þingið, enda þótt hann hefði fullvissað kjósendur um, að bandarískir piltar yrðu ekki sendir í skotgrafirnar í Evrópu.

Fjölmiðlar og kvikmyndaiðnaðurinn, studdur löggjöf (Espionage Act), leyniþjónustunni undir stjórn „föður hernjósna,“ Ralph Van Deeman (1865-1952), og Upplýsingadeild í ráðuneyti Woodrow (Committee on Public Information), upphófu víðtæka áróðursherferð. Þjóðverjar voru gerðir að skrímslum – eins og í sams konar herferð í Bretlandi- lýst með svipuðum hætti og Rússum í dag. Samkvæmt áróðursmeisturunum áttu bandarískir hermenn að bjarga lýðræðinu, konum og börnum í nauðum.

Til fróðleiks og gamans má geta þess, að þá bannaði Metropolitan uppfærslu þýskra verka, nú eru rússnesk verk bönnuð eins og íþróttamenn, bækur og listamenn. Meira að segja var rússneskt tré útilægt gert frá evrópskri fegurðarsamkeppni og rússneska

sendiherranum ekki boðið til samsætis erlendra sendiherra á vegum Alþingis. Heimskan ríður sjaldan við einteyming.

Woodrow var nú kominn í stríðsham. Gárungarnir lýstu honum sem kjölturakka auðkýfingsins, Bernard Mannes Baruch (1870-1965). Bernard var ráðgjafi forsetans og hafði umsjón með hergagnaframleiðslu Bandaríkjanna. Hann varð síðar ráðgjafi Franklin Delano Roosevelt (1882-1945) í annarri heimstyrjöldinni (eða öðrum þætti hennar). Annan apríl 1917 sagði Woodrow:

„Svo kann vel að vera, að fram undan séu margir mánuðir ógnarlegra áskorana og fórna ... heimsmenningin sjálf kynni að vera undir. En réttlætið vegur þyngra á metunum en friður ... Bandaríkjunum er heiður að því að fórna blóði [sona sinna] og mætti í þágu þeirra grundvallarreglna, sem lágu til grundvallar fæðingu þeirra.“

Woodrow minnst vitaskuld ekki einu orði á hina eiginlegu aflvaka stríðsins, frekar en gert var heimstyrjaldarþætti tvö og nú í þeim þriðja, sem vonandi tekst að afstýra. Það tókst ekki í upphafi, þrátt fyrir þrábeiðnir Nikolai Aleksandrovich Romanov (1868-1917), Rússakeisara, og Friedrich Wilhelm Viktor Albert II (1859-1941), keisara Þjóðverja. Aukin heldur hafði mikilmennið, Otto Eduard Leopold von Bismarck (1815-1898), reynt af afstýra því heimsstríði, sem hann spáði á banabeðinu að brysti á að tveim áratugum liðnum. Hann varð sannspár.

Öðrum þætti alheimsstríðsvitfirringarinnar tókst heldur ekki að afstýra, þrátt fyrir ákall tuga þýska vísindamanna, leiðtogans sjálfs, Adolf Hitler (1889-1945), og boða hans og bæna um frið. Aðildarríki Versalasarínganna vildu ekki frið og forhertust enn frekar, þegar Bandaríkjamenn sögðu Þjóðverjum stríð á hendur.

Adolf hafði líka beðið páfa um milligöngu um friðarsamninga, bauð frið bæði fyrir stríð og þegar Þjóðverjar höfðu lagt undir sig Mið- og Norður-Evrópu. Örrífaráðið var að senda góðvininn, Rudolf Walter Richard Hess (1894-1987), í leynileiðangur til Englands. En allt kom fyrir ekki. Rudolf var ekki virtur viðlits og stungið í steininn. Það var Rudolf, sem færði bók Adolf, „Baráttu mína“ (Mein Kampf) í letur.

Aðdragandinn að þriðja þætti heimstyrjaldarinnar, sem virðist í burðarliðnum, er með svipuðu sniði og áður. Skellt var skollaeyrum við aðvörunum Rússa um útpenslu stríðsbandalags Evrópu- og Bandaríkjamanna. Sama á við um ákall og samninga um stríðsaðgerðir Kænugarðsstjórnar og Nató gegn úkraínskum Rússum. Þúsundir þeirra voru drepnar rétt eins og Þjóðverjar í Póllandi og Tékkóslóvakíu (ríki búið til af stórveldunum við Versalasaríngana), áður en ragnarökin brustu á 1939.

Það virðist ljóst, að þeir aðiljar, sem stýrðu aðdraganda stríðsins í Úkraínu, hafi ekki áhuga á friði, frekar en þeir, sem höfðu hagsmuni af stríðsbrölti og drápi margra milljónatuga saklausra manna í fyrstu tveim þáttunum. Og enn skal gengið glötunargötuna. Eins og áður á að bjarga konum, frelsi og lýðræði, í gerræðisríkinu, Úkraínu. Stríðið þar dregur að sér stríðshrotta eins og mý á mykjuskán.

Það virðist fólki á Vesturlöndum sama um. Líklega því einnig sama um fjölbreytnina í Úkraínu. Allavega hafa þau ekki fett fingur út í 16. grein stjórnarskrár Úkraínu, þar sem stendur: „Það er á ábyrgð ríkisvaldsins að varðveita erfðir úkraínsku þjóðarinnar.“ Það er líklega skýringin á ofsóknum á hendur drjúgum þriðjungi þegna ríkisins.

Strax að loknum öðrum þætti heimstyrjaldarinnar hófu Bandaríkjamenn undirbúning þess þriðja og hertu um leið efnahagsleg og hernaðarleg tók á íbúum jarðar. Þeir hafa legið í látlausum styrjöldum alla tíð síðan og drepið milljónir manna – konur og börn þar á meðal, sem þeim er stundum afar annt um. Þeir höfðu í bígerð að kenna Rússum sömu lexíu og íbúum Nagasagi og Hirósíma, kasta á þá kjarnorkusprengru (Manhattan Project).

Þeir völdu þó aðra leið í Evrópu. Eins og átti sér stað, eftir fyrstu heimstyrjöld, fjármögnuðu bandarískur auðjöfrar (með fé úr peningaverksmiðjum sínum, seðlabönkunum) uppbyggingu Evrópu. Þjóðverjar risu undrahratt úr öskustónni, sérstaklega þegar samið var um ódýra orku frá Rússlandi. Bandamenn höfðu einnig hlíft verksmiðjum vestrænna auðdrottna við loftárásur.

Yfirstjórn yfir efnahagi og hermætti Evrópuríkja var Bandaríkjamönnum nauðsynleg, samkvæmt áætlun þeirra um heimsyfirráð. Þeim hafa lýst stjórn málahugveitur þeirra og utanríkismálafræðingar á borð við Henry (Heinz Alfred) Kissinger (f. 1923) og Zbigniew Brzezinski (1928-2017). Auk þess ber raun vitni.

Í þessu skyni stóðu Bandaríkjamenn bæði að stofnun Nató og Evrópusambandsins. Í Marshall áætluninni, kennd við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, George Catlett Marshall (1880-1959) – öðru nafni „Endurreisnaráætlun Evrópu“ (European Recovery Plan)- voru leynileg ákvæði þess efnis, samkvæmt upplýsingum franska blaðamannsins, Thierry Meyssan, um að stofna skyldi sameiginlegan markað Evrópuríkja. Það er Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið í dag.

Ráðstjórnarríkin afþökkuðu styrki og lánveitingar. Fimm af hundraði fjárens fór til að standa straum af starfsemi bandarísku leyniþjónustunnar. Nasistagullið var hluti sjóðsins.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, embættismannastjórnin, er hinn eiginlegi snertiflötur við Nató, sem í raun stjórnar bak við tjöldin að miklu leyti eins og t.d. stöðlunaræðinu og þróuninni á hernaðarsviðinu (European Security Strategy). Herkænskan felur í sér stofnun sameiginlegs herafla. Fyrsta tilraun til þess arna átti sér stað árið 1952, Evrópska varnarsamfélagið (European Defense Community).

Nú þegar er samruni aðildarríkjanna langt komin. Framkvæmdastjórnin sýnir greinilega alræðistilburði. Í samráði við Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnunina hefur Evrópusambandið meira eða minna lagt undir sig heilbrigðiskerfi aðildarþjóðanna og Evrópska efnahagssvæðisins. Það vinnur í nánú hernaðarlegu samstarfi við Nató og á öllum sviðum með Sameinuðu þjóðunum og Alheimsefnahagsráðinu.

Norski félagsfræðingurinn og friðarfræðingurinn, Johann Vincent Galtung (f. 1930), gaf út, árið 2008, ritið, Noregur utan frá (Norge sett utenfra). Þar ræðir hann m.a. um afleiðingar Nató-aðildar Norðmanna. Hann segir:

„Þær urðu verri en við, andstæðingar Nató, höfðum óttast, vegna sterkra tengsla við Bandaríkin, sem hafa verið heimsveldi að telja frá lokum nítjándu aldar [og teygt arma sína] langt handan Ameríku.

Við óttuðumst, að Bandaríkin myndu notfæra sér okkur, en miklu fremur, að við tækum því þegjandi og yrðum meðábyrg. Varnarsamband á norrænum grunni hefði ljóslega verið stofnað til varna. Þar hefði Noregur átt heima.“

Johann lýsir síðan „afrekum“ bandalagsþjóðarinnar í þessu orðum:

„Mýgrútur inngrípa, afskipti af kosningum, stríð gegn óbreyttum borgurum, ótal dráp, leynilegar fangelsanir í Írak og Afganistan, aftökur, brotthvörf (mannsrán), ... handstýring fjölmiðla, allar lygarnar. Aflvakinn er stórmennskubrjálæði og sjúkleg aðsóknarkennd.

Væri um einstakling að ræða, hefði hann verið látnir sæta nauðungarinnlögn [á geðsjúkrahúsi]. Norska utanríkisþjónustan styður við markaðssetningu heimsbrjálæðis Bandaríkjamanna sem baráttu fyrir mannréttindum, frelsi, þróun, lýðræði. Er það gert með því að kollvarpa?

Er leiðtogum Noregs ókunnugt um þetta eða eru þeir einfaldir ... eða lamaðir? Eða hafa þeir orðið innlyksa í eigin leikjum? Halda þeir að naflastrengurinn (bindingen) til Bandaríkjanna færi þeim öryggi, þegar hið gagnstæða á við, sökum meðábyrgðar Noregs?“

Síðan þetta var skrifað hafa Bandaríkjamenn aukið enn umsvif sín í Noregi, komið upp fleiri herstöðvum og líklegt má telja, að þar séu geymd kjarnorkuvopn.

Svipuð þróun á sér stað á Íslandi. Katrín og Þórdís Kolbrún eru meðal herskáustu stjórnámálanna í Nató, styðja verndarsamning við Bandaríkin og stríðsaðgerðir þeirra.

Stöllumur lúta eins og hinir taglhnýtingarnir hugmyndafræðilegu forræði Atlantshafsráðsins (Atlantic Council), hugveitunnar, sem skartar margri stjórnunni á borð við; Hillary Clinton, Henry Kissinger, Condoleezza Rice og James Woolsey, fyrrum forstjóra bandarísku leyniþjónustunnar (CIA).

Hún er aldrei langt undan á alþjóðavettvangi með „djöflaleikfléttur“ (Devil's game) sínar, sem sagnfræðingurinn, Robert Dreyfuss, kallaði svo. Fleiri uppgjafaforstjóra CIA má þar finna sem og sænska stríðsbrjálæðinginn, Anders Åslund.

Og svo veitir ráðið verðlaun, m.a. forstjórum auðhringanna. Það er að mestu fjármagnað af bandarískum skattgreiðendum. Meira að segja Fésbók lætur fé af hendi rakna – eins og hergagnaframleiðendur og margir fleiri.

Heimildir:

Mike King: bad_war. pfd – tomatobubble.com

<https://www.britannica.com/topic/European-Defense-Community>

<https://responsiblestatecraft.org/2022/06/27/cia-ops-commandos-in-ukraine-can-we-just-admit-we-are-fighting-this-war/>

<https://covertactionmagazine.com/2022/09/29/saudi-brokered-prisoner-exchange-reveals-large-number-of-foreign-mercenary-fighters-in-ukraine-some-with-background-fighting-in-syria/>

https://www.army.mil/article/185798/ralph_van_deman_becomes_father_of_modern_american_military_intelligence

<https://covertactionmagazine.com/2022/11/01/is-the-u-s-and-nato-running-another-operation-gladio-in-europe/>

<https://www.history.com/topics/middle-east/balfour-declaration>

<https://www.history.com/topics/world-war-ii/marshall-plan-1>

https://covertactionmagazine.com/2023/03/29/chechen-fighters-sign-deal-with-ukraine-to-form-all-chechen-brigade-to-fight-russians/?mc_cid=a804d1ea71&mc_eid=5cd1ec03b1

<https://www.history.com/topics/world-war-i/lusitania>

<https://www.history.com/topics/middle-east/balfour-declaration>

<https://edition.cnn.com/2022/04/07/europe/ukraine-execution-russian-prisoner-intl/index.html>

<https://covertactionmagazine.com/2022/12/07/meet-the-brutal-proxy-force-fighting-the-russians-not-only-on-the-ground-in-ukraine-but-also-on-the-internet/>

https://bmanalysis.substack.com/p/prospects-for-world-war-3-dedicated?utm_source=%2Fsearch%2Fnato&utm_medium=reader2

<https://thegrayzone.com/2019/10/13/dcs-atlantic-council-raked-in-funding-from-hunter-bidens-corruption-stained-employer-while-courting-his-vp-father/>

<https://www.youtube.com/watch?v=2FixLfLLgaA>

https://covertactionmagazine.com/2023/04/02/ukraine-2014-the-tipping-point-of-terror/?mc_cid=a804d1ea71&mc_eid=5cd1ec03b1

https://korybko.substack.com/p/zelenskys-senior-advisor-brazenly?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.voltairenet.org/article219090.html>

https://steigan.no/2023/04/det-ble-verre-enn-vi-nato-motstandere-fryktet/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://covertactionmagazine.com/2023/04/05/a-look-back-at-the-american-experience-in-world-war-i-shows-the-danger-of-where-we-may-be-headed/?mc_cid=a804d1ea71&mc_eid=5cd1ec03b1

https://covertactionmagazine.com/2023/04/04/war-mongering-cia-connected-think-tank-calls-for-world-war-iii/?mc_cid=a804d1ea71&mc_eid=5cd1ec03b1